

Vínblaðið

1. tbl. 10. árg. mars 2012

FRÍTT EINTAK!

90 1922-2012
VÍNBUÐIN



Afgreiðslutími

VÍNBUÐA



Sjá upplýsingar um afgreiðslutíma á heimasíðu www.vinbudin.is

Höfuðborgarsvæðið		mán.-fim.	fös.	lau.	sími	teg	heimilisfang
Austurstræti		11-18	11-19	11-18	562-6511	700	Austurstræti 10a, 101 Rvk
Borgartún		11-18	11-19	11-18	561-8001	700	Borgartún 26, 105 Rvk
Dalvegur		10-20	10-20	11-18	564-5070	700	Dalvegi 2, 201 Kóp
Eiðistorg		11-18	11-19	11-18	561-1800	700	Eiðistorgi 13, 170 Seltj.
Hafnarfjörður		11-18	11-19	11-18	565-2222	700	Fjarðargötu 13-15, 220 Hafn
Heiðrún		11-18	11-19	11-18	560-7701	ALLT	Stuðlahálsi 2, 110 Rvk
Kringlan		11-18	11-19	11-18	568-9060	ALLT	Kringlunni 4-12, 103 Rvk
Mosfellsbær		11-18	11-19	11-18	586-8150	700	Þverholti 2, 270 Mosfellsbæ
Skeifan		10-20	10-20	11-18	588-3100	700	Skeifunni 5, 108 Rvk
Skútuvogur		10-20	10-20	11-18	568-9008	ALLT	Skútuvogi 2, 104 Rvk
Smáralind		11-18	11-19	11-18	544-2112	700	Hagasmára 1, 201 Kóp
Stekkjarkakki		11-18	11-19	11-18	567-0400	700	Stekkjarkakka 6, 109 Rvk

Landsbyggðin			mán.-fim.	fös.	lau.	sími	teg	heimilisfang
Akranes	Vetur		12-18	11-19	11-14	431-2933	300	Þjóðbraut 13, 300 Akranes
	Sumar		11-18	11-19	11-16			
Akureyri			11-18	11-19	11-18	462-1655	700	Hólabraut 16, 600 Akureyri
	Blönduós	Vetur	14-18	14-19	lokað	452-4501	200	Aðalgötu 8, 540 Blönduós
Sumar		14-18	11-19	11-14				
Borgarnes*	Vetur		12-18	11-19	11-14	431-3858	300	Borgarbraut 58-60, 310 Borgarnes
	Sumar		11-18	11-19	11-16			
Búðardalur	Vetur		17-18	14-18	lokað	434-1303	100	Vesturbraut 15, 370 Búðardalur
	Sumar		17-18	14-19	12-14			
Dalvík	Vetur		14-18	12-19	lokað	466-3430	200	Hafnarbraut 7, 620 Dalvík
	Sumar		11-18	11-19	11-14			
Djúpivogur			17-18	14-18	lokað	478-8270	100	Búlandi 1, 765 Djúpivogur
	Egilsstaðir	Vetur	12-18	11-19	11-14	471-2151	300	Miðvangi 2-4, 700 Egilsstaðir
Sumar		11-18	11-19	11-16				
Fáskrúðsfjörður			17-18	14-18	lokað	475-1530	100	Skólavegi 59, 750 Fáskrúðsfjörður
	Flúðir	Vetur	17-18	14-18	lokað	487-8701	100	Akurgerði 4, 845 Flúðir
Sumar		17-18	14-19	12-14				
Grindavík			14-18	12-18	lokað	426-8787	200	Víkurbraut 62, 240 Grindavík
	Grundarfjörður		17-18	14-18	lokað	438-6994	100	Hrannarstíg 3, 350 Grundarfjörður
Hólmavík		Vetur	17-18	14-18	lokað	461-2114	100	Höfðatúni 4, 510 Hólmavík
	Sumar	17-18	14-19	12-14				
Húsavík	Vetur	14-18	14-19	lokað	464-2230	200	Garðarsbraut 21, 640 Húsavík	
	Sumar	11-18	11-19	11-14				
Hvammstangi			17-18	14-18	lokað	455-2321	100	Höfðabraut 6, 530 Hvammstangi
	Hveragerði	Vetur	12-18	11-19	11-16	481-3932	300	Breiðumörk 1, 810 Hveragerði
Sumar		11-18	11-19	11-16				
Hvolsvöllur	Vetur	14-18	14-19	11-14	486-1886	200	Austurvegi 3, 860 Hvolsvöllur	
	Sumar	11-18	11-19	11-16				
Höfn	Vetur	14-18	14-19	lokað	471-3267	200	Miðbær, Litlabrú 1, 780 Höfn	
	Sumar	14-18	11-19	11-16				
Ísafjörður	Vetur	12-18	11-19	11-14	456-3455	300	Aðalstræti 20, 400 Ísafjörður	
	Sumar	11-18	11-19	11-16				
Kirkjubæjarklaustur	Vetur	17-18	14-18	lokað	487-4628	100	Skaftárskála, 880 Kirkjubæjarklaustur	
	Sumar	17-18	14-19	12-14				
Neskaupstaður			14-18	14-18	lokað	477-1890	200	Hafnarbraut 6, 740 Neskaupstaður
	Ólafsvík		14-18	14-18	lokað	436-1226	200	Mýrarholti 12, 355 Ólafsvík
Patreksfjörður		Vetur	14-18	14-18:30	lokað	456-1177	200	Þórsgötu 10, 450 Patreksfjörður
	Sumar	14-18	14-19	lokað				
Reyðarfjörður			14-18	14-19	11-14	474-1406	200	Hafnargötu 2, 730 Reyðarfjörður
	Reykjanesbær		11-18	11-19	11-16	421-5699	700	Krossmóum 4, 260 Reykjanesbær
Sauðárkrúkur		Vetur	12-18	11-19	11-14	453-5990	300	Smáragrund 2, 550 Sauðárkrúkur
	Sumar	11-18	11-19	11-16				
Selfoss			11-18	11-19	11-16	482-2011	700	Vallholti 19, 800 Selfoss
	Seyðisfjörður		17-18	14-18	lokað	472-1101	100	Hafnargötu 4a, 710 Seyðisfjörður
Siglufjörður		Vetur	14-18	14-19	lokað	467-1262	200	Eyrargötu 25, 580 Siglufjörður
	Sumar	14-18	11-19	11-14				
Stykkishólmur	Vetur	14-18	14-19	lokað	430-1414	200	Aðalgötu 24, 340 Stykkishólmur	
	Sumar	14-18	11-19	11-14				
Vestmannaeyjar	Vetur	12-18	11-19	11-14	481-1301	300	Strandvegi 50, 900 Vestmannaeyjar	
	Sumar	11-18	11-19	11-16				
Vík í Mýrdal	Vetur	17-18	14-18	lokað	486-8660	100	Ránarbraut 1, 870 Vík	
	Sumar	17-18	14-19	12-14				
Vopnafjörður			17-18	14-18	lokað	471-2200	100	Hafnarbyggð 4, 690 Vopnafjörður
	Þorlákshöfn		17-18	14-18	lokað	481-3963	100	Selvogsbraut 41, 815 Þorlákshöfn
Þórshöfn			17-18	14-18	lokað	468-1106	100	Langanesvegi 2, 680 Þórshöfn

Sjá upplýsingar um netföng á www.vinbudin.is • *Vínbúðin Borgarnesi opnar klukkan 11 mán-lau í september • Sumar: júní – ágúst / Vetur: sept. – maí

EFNISYFIRLIT

Leiðari	2
Fréttir úr Vínbúðunum	3
Bollur	4
Vínið með páskalambinu	6
Leyndardómar hillumiðans	8
Frá afgangi til þjónustu	10
Salan árið 2011	12
Reyklaust tóbak og forvarnir	14
Er munntóbak skaðlaust?	15
Portúgal	16
Árgangatafla ÁTVR	18
Vöruskrá	20

Vöruskrá

• Rauðvín	20
• Hvítvín	32
• Sætvín	42
• Rósavín	43
• Freyðivín	44
• Kassavín	46
• Aðrir gerjaðir drykkir	47
• Styrkt vín og kryddvín	48
• Bitter og líkjör	50
• Sterkt áfengi	52
• Annað áfengi undir 15%	57
• Bjór	58
• Gjafavara	62
• Óáfengt	62
• Björkútar	62
• Viðurkennd lífræn vottun	63

Matartákn

64

Vínblaðið, 1. tbl. 10. árg. mars 2012

Útgefandi: Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, ÁTVR

Ábyrgðarmaður: Ívar J. Arndal

Ritstjóri: Guðfinna Ásta Birgisdóttir

Ritstjórn: Gissur Kristinsson, Guðfinna Ásta Birgisdóttir, Jóna Grétarsdóttir,

Júlíus Steinarsson, Páll Sigurðsson og Skúli Þ. Magnússon

Hönnun, umbrot og prentun: Oddi umhverfisvottuð prentsmiðja / P12.00.903

Forsíðumynd: Öxarárfoss / Shutterstock



ISSN-1670-7532

Öll verð og verðbreytingar birtast í vörulista á heimasíðu ÁTVR, www.vinbudin.is
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur. Áskilinn er réttur til leiðréttinga.



Leiðari

ÁNÆGJA Í FYRIRRÚMI

Þann 23. febrúar voru kynntar niðurstöður Íslensku ánægjuvogarinnar fyrir árið 2011. Vínbúðirnar hlutu næst hæstu einkunnina í könnuninni, 72,4, og voru efstar í flokki smásölu fyrirtækja (matvöru- og byggingavöruverslanir og olíufélög). Er þetta í þrettánda skipti sem ánægja viðskiptavina er mæld og þetta er annað árið í röð sem Vínbúðirnar eru efstar í flokki smásölu fyrirtækja. Við erum auðvitað mjög ánægð með þennan árangur og afskaplega þakklát viðskiptavinum fyrir þessa frábæru einkunn. Þrátt fyrir að undanfarin ár hafi einkennst af sparnaði og aðhaldi – eins og hjá flestum öðrum fyrirtækjum og heimilum á landinu – þá erum við stolt af því að hafa náð að halda þjónustustigi okkar þannig að einkunn viðskiptavina hefur hækkað eftir hrun. Að veita góða þjónustu er eitt af meginmarkmiðum okkar og það er því ákaflega ánægjulegt að sjá að viðskiptavinir okkar skynja það einnig.

Talandi um þjónustu, þá var Vínbúðin á Dalvegi nýlega opnuð eftir viðamiklar breytingar. Vínbúðin er nú mun stærrí og bjartari og stórum kæli hefur verið komið fyrir undir bjórinn. Opnunartími búðarinnar hefur einnig breyst lítillega, en nú opnar kl. 10 alla virka daga.

Breytingin á Vínbúðinni mun hafa áhrif á mikinn fjölda viðskiptavina því Vínbúðin á Dalvegi er söluhæsta Vínbúð landsins. Árið 2011 heimsóttu 444 þúsund viðskiptavinir Vínbúðina og seldir lítrar voru yfir tvær milljónir.

Þessa dagana er mikið fjallað um vörur sem af mismunandi ástæðum hefur verið hafnað í sölu. Umfjöllunin beinist meðal annars að vinnubrögðum starfsfólks og ástæðum þess að vörunum er hafnað. Það er rétt að halda því til haga að ÁTVR hafnar ekki vöru sem slíkri, heldur hafnar að taka hana í sölu vegna þess að fyrirtækið telur vöruna ekki samræmast kröfum laga og reglugerða. Það er ekki þannig að starfsfólk ÁTVR (sem einhver uppnefndi „Rokkgreiningardeildina“) setjist niður og ákveði af handahófi hvaða vörur eru fyrirtækinu þóknanlegar og hverjar ekki. Til grundvallar ákvörðun liggja lög og reglur sem fyrirtækinu er gert að starfa eftir. Í einhverjum tilvikum er vissulega um mat að ræða og í þeim tilvikum þar sem um ágreining er að ræða geta viðkomandi aðilar leitað til æðra stjórnvalds um að fá ákvörðunina endurskoðaða. Það er því eðlilegra að beina gagnrýni að þeim reglum sem eru í gildi en að persónugera gagnrýnina á starfsfólkið sem vinnur eftir reglum. Að lokum er rétt að nefna það að vörur sem ekki eru taldar uppfylla kröfur laga og reglna eru undantekning, því nánast allar vörur sem sótt er um í sölu uppfylla ákvæði reglna og standa viðskiptavinum til boða í hillum Vínbúðanna.

Einar Snorri Einarsson



Vínbúðin Dalvegi opnar aftur

Vínbúðin Dalvegi hefur nú opnað aftur eftir breytingar, en miklar endurbætur hafa verið gerðar á húsnæðinu. Vínbúðin er nú mun stærrí og bjartari og stór kællir hefur verið útbúinn fyrir bjórin.

Opnunartími búðarinnar hefur breyst lítillega, en nú opnar kl. 10 í stað 9 áður. Við bjóðum viðskiptavinum velkomna í nýja og glæsilega Vínbúð á sama góða staðnum á Dalvegi.



ÁTVR 90 ára

Þann 3. febrúar fagnaði ÁTVR 90 ára afmæli, en á þeim degi árið 1922 var fyrirtækið stofnað. Á þessum 90 árum hefur margt breyst en í dag eru Vínbúðirnar framúrskarandi þjónustufyrirtæki sem setur viðskiptavininn í öndvegi.

Gefin var út glæsileg Vínhandbók í tilefni afmælisins og var hún gefin viðskiptavinum í Vínbúðunum á meðan birgðir entust. Vínhandbókina er nú hægt að nálgast sem PDF skjal á vinbudin.is og er áhugasömum velkomið að prenta hana út til eigin nota eða skoða hana á vefnum.



Farsímavefur Vínbúðanna

Í desember leit nýr farsímavefur Vínbúðanna dagsins ljós. Vefurinn er á slóðinni m.vinbudin.is en þar er hægt að skoða staðsetningar Vínbúða, afgreiðslutíma, helstu fréttir og fróðleik um Veisluvín.

Markmiðið með vefnum er að viðskiptavinir geti nálgast helstu upplýsingar á skjótan hátt í farsímanum sínum hvar og hvenær sem er.

Við vonum að viðskiptavinir geti nýtt sér þessa þægilegu nýjung á ferðalögum sínum og í amstri dagsins.



Breyttur opnunartími á Dalvegi, Skeifu og Skútuvogi

Þann 15. febrúar breyttist opnunartími Vínbúðanna Dalvegi, Skeifu og Skútuvogi en nú opna þær kl. 10 alla virka daga í stað 9 áður. Áfram verður opið til 20 á kvöldin og á laugardögum frá 11 til 18. Opnunartími annarra Vínbúða á höfuðborgarsvæðinu er óbreyttur 11-18 mánudaga til laugardaga.

Afgreiðslutíma Vínbúða má alltaf nálgast á vinbudin.is eða á farsímavefnum m.vinbudin.is.

BOLLUR



HINDBERJABOLLA

- 750 ml romm
- 1 l ananassafi
- 1 l engiferöl
- 250 ml sítrónusafi
- 1 til 2 box af hindberjum

Öllu blandað saman í skál með klaka og skreytt með hindberjum og límónusneiðum. Gaman er að setja hluta berjanna í klakabox og fylla upp með vatni, berin í klakanum fljóta þá efst á bollunni á meðan þau ófrosnu falla til botns.

Þetta gerir ca. 20 drykki, alkóhól er u.þ.b. 9%.

Fyrir einn drykk

- 3 cl romm
- 4 cl ananassafi
- 1 cl limesafi
- 4 cl engiferöl

Setjið klaka í glas ásamt öllum vökvanum og hrærið í. Skreytið með hindberjum og límónusneiðum.



TRÖNUBERJABOLLA

- 750 ml vodka
- 2 l trönuberjasafi
- 1 l engiferöl
- 250 ml sítrónusafi

Hafið allt vel kælt áður en byrjað er. Látið vodka, trönuberjasafa og sítrónusafa í bolluskál með klaka og hrærið vel í, blandið síðan gosinu saman við. Skreytið með berjum og ávöxtum. Þetta gerir ca. 25 drykki, alkóhól er u.þ.b. 7%

Fyrir einn drykk

- 3 cl vodka
- 8 cl trönuberjasafi
- 4 cl engiferöl
- 1 cl sítrónusafi

Látið allt í glas með klaka og hrærið vel í. Skreytið með berjum og ávöxtum.



ÓÁFENG TRÖNUBERJABOLLA

- Trönuberjasafi
- Sprite eða 7 up

Blandað til helminga og smakkað til með smá sítrónusafa. Skreytt með sítrónu- eða límónubitum.

Um daginn þegar ég renndi niður nokkrum gjarnilegum rjómaþollum, mundi ég eftir því hversu oft viðskiptavinir spyrja mig um bolluuppskriftir og eiga þá við í fljótandi formi með alkóhóli. Bollur eru vinsælar í margskonar hittinga og party, þær eru skemmtilegar, líta vel út, eru ljúfar og hressa upp á samkvæmið. Fyrir ykkur sem drekkið áfengar gosblöndur eða síder sem eru á bilinu 4,5 – 5% má benda á að bolluuppskriftirnar hér að neðan innihalda meira alkóhólmagn, en auðvelt er að lækka það með því að auka gos og ávaxtasafann í bollunni og fá svipaðan styrkleika og í áfenga gosinu. Sem dæmi má bæta lítra af ananassafa og lítra af engiferöli við hindberjabolluna og þá verður hún u.þ.b. 6% að styrkleika.



GRANATEPLABOLLA

750 ml romm

1,5 l granateplasafi

750 ml engiferöl

1 l 7 up

Smakkið til með sítrónusafa

Öllu blandað saman í skál og hrært vel í, skreytt með appelsínubitum og granateplafraejum.

Þetta gerir ca. 26 drykki, alkóhól er u.þ.b. 7%.

Fyrir einn drykk

3 cl romm

6 cl granateplasafi

3 cl engiferöl

3 cl romm

4 cl sprite

Smakkið til með sítrónusafa

Öllu blandað saman í glas og hrært vel í, skreytt með appelsínubitum og granateplafraejum.

Njótið vel og munið að neysla áfengra drykkja ætti helst að felast í því að njóta bragðsins fremur en áhrifanna.



SUÐRÆN BOLLA

750 ml dökk romm

1,5 l appelsínusafi

1,5 l ananassafi

500 ml kókoslíkjör (Malibu eða sambærilegt)

Grenadine til að gefa bragð og lit

Blandið öllu saman í skál með klaka. Skreytið með appelsínusneiðum og berjum.

Þetta gerir ca. 28 drykki, alkóhól er u.þ.b. 9,5%.

Fyrir einn drykk

3 cl romm

2 cl Malibu

6 cl appelsínusafi

6 cl ananassafi

Grenadine til að gefa bragð og lit

Látið allt í glas með klaka og hrærið vel í. Skreytið með berjum og ávöxtum.



GIN BOLLA

750 ml gin

1 l trönuþerjasafi

1,5 l appelsínusafi

120 ml grenadine

200 ml sítrónusafi

Öllu blandað saman í skál með klaka og hrært vel í, skreytt með jarðarberjum og sítrónusneiðum.

Þetta gerir ca. 23 drykki, alkóhól er u.þ.b. 8,4%.

Fyrir einn drykk

3 cl gin

4 cl trönuþerjasafi

6 cl appelsínusafi

1 cl sítrónusafi

0,5 cl grenadine

Öllu blandað saman í glas með klaka og hrært vel í, skreytt með jarðarberjum og sítrónusneiðum.

Kveðja,

Páll Sigurðsson
Yfirbolla





VÍNID MEÐ PÁSKALAMBINU

Það styttist óðum í páska og ég er farinn að velta fyrir mér hvernig ég eigi að elda blessað páskalambið og hvort læri eða hryggur verði fyrir valinu. Að sjálfsögðu er ég svo líka farinn að ráfa um í Vínbúðinni og gjóa augunum í hillurnar í leit að einhverju góðu til að skola niður lambasteikinni. Reyndar þarf ekki að setja sig í stellingar til að finna eitthvað gott með íslenska lambinu, því fáar kjöttegundir sóma sér eins vel með víni og lambið.

Ef við horfum til dæmis á rauðvín úr Cabernet Sauvignon þá falla þau eins og flís við rass með lambakjöti eða með öðrum orðum lambakjöt og Cabernet Sauvignon er eins og farsælt hjónaband; sambandið er undursamlega gott. Það er sama hvaðan úr heiminum þrúgan kemur.

Frá Chile fáum við bragðmikil og berjarík vín, Argentína býður okkur upp á vín sem falla vel að lambinu á svipaðan hátt og þau evrópsku. Ef bragðlaukarnir eru hrífir af mjúkum og aðeins sætkenndum ávexti er tilvalið að horfa til Ástralíu eða Bandaríkjanna. Ekki má gleyma rauðvíninum frá Bordeaux í Frakklandi en þaðan

koma vín sem ekki einungis bragðbæta lambasteikina heldur nýtur vínið einnig góðs af lambinu og saman trylla þau bæði bragðlauka og huga þegar hver biti og hver söpi leikur um munnholið og gerir máltíðina að þvílíkri sælustund að maður næstum tárast af gleði. Augnablik á meðan ég næ mér í tissjú, svona til vonar og vara.

Já, hvar var ég, já frá Frakklandi ætla ég að bregða mér til Rioja á Spáni en þar í sveit eru gerð vín úr Tempranillo þrúgunni. Vín frá þessu svæði hafa löngum heillað landann og ekki að undra því þessi vín, Criönsur, Reservur eða jafnvel Gran reservur hafa glatt kverkar vorar og runnið með

glæsibrag ásamt lambakjöti niður um hálsa margra vín- og matarunnenda. Vínin, sem hafa legið í leti á eikartunnum í mislangan tíma, eru skemmtilega krydduð og henta íslenska sjálfkryddaða lambinu fullkomlega.

Cianti Classico frá Toscana á Ítalíu getur einnig átt sína spretti, sérstaklega ef lambið er eldað með ítölsku ívaði. Vissulega koma þó önnur ítölsk rauðvín til greina, til dæmis Ripasso eða eitthvað góðgæti frá Suður-Ítalíu. Það er alveg víst að allir geta fundið eitthvað sem passar þeirra smekk og fer vel með lambakjöti. Ég hef ekki nefnt rauðvínin frá Côtes-du-Rhône sem klikka ekki eða Ribera Del Duero. Að lokum væri forvitnilegt að prófa Pinot Noir með lambakjötinu, það kemur nokkuð á óvart, ég mæli með að skoða þá vín frá nýja heiminum.

Nú sé ég að maturinn er kominn á borðið og vínið í glas, ég verð að viðurkenna að þessa stundina heillar það mig meir en að skrifa einhverja grein.



Páll Sigurðsson
vínráðgjafi



Notaðu **vöruleit**
á vinbudin.is
til að finna rétta vínið

LEYNDARDÓMAR HILLUMIÐANS

Á hillumiðanum eru upplýsingar með táknum og texta sem segja til um hverju megi búast við, eða hvernig vínið er. Það þarf ekki annað en líta á táknið til að átta sig á því hvort vínið er létt, miðlungs eða bragðmikið.

Táknið á þessum hillumiða (alifugl, lamb, grís og ostur) segja okkur að vínið sé ekki kröftugt, frekar í miðjunni. 🍷 Tákn með nauti eða hreindýri gefa til kynna kröftugt vín á meðan 🍷 tákn með freyðivínsglasi, fisk og gulrót gefa til kynna að vínið henti fyrir léttu rétti eða sem söturvín, sé 🍷 alifuglatáknið til viðbótar má búast við að vínið hafi aðeins meiri fyllingu.

Litur víns getur gefið nokkrar vísbendingar um vínið; því ljósari sem liturinn er því léttara víni má reikna með.

Með dekkri lit má svo búast við meiri fyllingu og bragðkrafti, einnig má búast við meiri tanninum í dekkri rauðvínunum.

Með aldrinum fá hvítvín oft á sig gullinn eða brúnleitan blæ. Ung rauðvín eru oft með fjólubláan lit sem svo breytist í rúbín-kirsuberjarautt og með aldrinum verða þau múrsteins- til ryðraud.

Fylling segir til um hvernig vínið er í munni, þunnt eða þykkt, en vín getur haft léttu fyllingu upp í mikla. Til samanburðar getum við sagt að mjólk hafi meðalfyllingu, rjómi mikla, þetta eða mjúka fyllingu og undanrenna léttu fyllingu. Vín með léttu fyllingu eru góð söturvín og henta með léttum réttum. Flest vín hafa meðalfyllingu og eru þau einna heppilegust til drykkjar með mat. Vín með mikla fyllingu eru síðan orðin kröftugri og þurfa bragðmikinn og kröftugan mat ef þau eiga ekki að yfirgnæfa matinn. Þá getum við horft á alkóhólið en léttu vínin eru oftar með lægra alkóhól, með hærra alkóhóli verður fyllingin meiri.

Sætt eða þurrt. Þurrt, hljómar einkennilega enda er hugtakið fengið að láni úr öðrum tungumálum. Þurrt merkir að vínið er ósætt eða lítið eftir af ógerjuðum sykri, síðan koma fleiri stig eftir því sem sykurhlutfallið eykst og reynum við að koma því til skila með þessum orðum: Þurrt, sætuvatgur, hálfþurrt, hálf-sætt, sætt og dísætt. Sætt og dísætt vín eru í flokki eftirréttavína. Hálfþurrt og hálf-sætt vín kannast þið svo eflaust við í

Pinot Noir

Rúbínrautt. Meðalfylling, þurrt, fersk sýra, lítil tannín. Jarðarber, hindber, lauf, létt eik. Höfugt.



mörgum þýskum hvítvínunum. Lágt alkóhól getur gefið vísbendingu um að vínið sé hálf-sætt.

Sýra gefur víninu ferskleika og byggingu og þarf sýran að vera í jafnvægi við ávöxt og alkóhól í víninu – Mikil sýra í víninu gerir það hvasst eða súrt. Fersk eða frískandi sýra í víninu gerir það aftur á móti að góðu matarvíninu. Hafa má í huga að sýra undirstrikar bragð, salat er til dæmis óspennandi án dressingar. Við notum svo þessi orð til útskýringar á sýrumagni: Lítil sýra, mild, miðlungs eða fersk sýra, mikil sýra eða sýruríkt, mjög mikil eða súrt. Vín með miðlungs eða ferska sýru eru á því bili að flestir ættu að geta notið þeirra. Þó vín sé sýruríkt þarf það ekki að vera vont, heldur finnur maður bara aðeins meir fyrir sýrunni og oft er það bara hressandi.

Tannín – Lítil, miðlungs, mikil, mild, þurrkandi, hrjúf, mjúk eða þroskuð.

Tannín er það sem gefur víninu þessa þurrkandi áferð, svipað og þegar bitið er í grænan banana, eða bitið í vínberjastein. Tannín og litur kemur frá hýði berjanna, við rauðvínsgerð er hýðið látið gerjast með til að fá lit, og tannínin fylgja með. Með dekkri lit má búast við meiri tanninum. Tannín er einskonar geymsludefni, það er meðal annars þeim að þakka að mörg rauðvín geta geymt í áratugi. Þó fólks gagnvart tanninum er mjög misjafnt, sumir

setja tannín ekkert fyrir sig og finnst þau jafnvel góð á meðan öðrum finnst þessi þurrkandi áhrif í munni frekar óþægileg og truflandi. Vín með lítil eða mild tannín, ættu að henta þeim sem vilja ekki stömvín. Flest vín hafa miðlungs eða þroskuð tannín hér erum við á miðjusvæði og tannínin á þægindamörkum, ef þau eru orðin mikil, þurrkandi eða hrjúf, þá má búast við vínunum fyrir reynslubolta.

Á eftir þessum upplýsingum kemur svo upptalning á þeim ilmi og bragði sem við skynjum í víninu, eins og sítrus, epli, hunang, vanilla eik, kirsuber, brómber, jörð, tóbak, sveit og ýmislegt annað sem ekki er pláss til að telja upp. Ilmur upp úr vínsglasi er ekki bara af berjum heldur finnur maður oft ilm sem minnir mann á eitthvað, til dæmis kaffi, en sá ilmur kemur frá ristnuðum eikartunnum. Ilmur og bragð koma sem sagt ekki bara frá berjunum, heldur einnig frá ýmsum þáttum í vingerðinni.



Páll Sigurðsson
vínráðgjafi



Okkar er ánægjan

Við sendum hlýja strauma til viðskiptavina okkar sem settu Vínbúðirnar í efsta sætið í Íslensku ánægjuvöginni og til starfsfólksins sem gerir viðskiptavini ánægða á hverjum degi.

Takk fyrir okkur!

Frá afgreiðslu til þjónustu

ÁTVR 90 ára



Í febrúar s.l. voru 90 ár frá því að Áfengisverslun ríkisins (ÁTV) tók til starfa. Við stofnun var gert ráð fyrir að útsölastaðir væru í hverjum kaupstað sem þá voru sjö: Reykjavík, Hafnarfjörður, Ísafjörður, Siglufjörður, Akureyri, Seyðisfjörður og Vestmannaeyjar. Markmiðið var frá upphafi gerólikt öðrum verslunarrekstri að því leyti að ekki var kappkostað að selja sem mest og fyrstu áratuginu var beinlínis markmið „að selja sem minnst“ með tilheyrandi takmörkunum og skriffinnsku. Öll sala var til að mynda færð í vínsölubók á nafni kaupanda. Til ársins 1928 giltu einnig reglur um leyfilegan fjölda lítra sem viðkomandi mátti versla á hverju tímabili. Enginn mátti kaupa áfengi nema undirrita drengskaparheit á þar til gert eyðublað um að viðkomandi ætlaði að nota vínið sjálfur. Árið 1935 var skráningu hætt tímabundið en tekin upp aftur árið 1938, forstjóra Áfengisverslunarinnar til lítillar gleði. Nýjar reglur gengu út á að skrá alla kaupendur áfengis með nafni og aldri og mátti lögregla og áfengisvarnanefndir ávallt hafa aðgang að þessum skráum. Til ársins 1945 var eingöngu ein verslun í Reykjavík. Á þessu tímabili stóð Áfengisverslunin fyrir framleiðslu af ýmsu tagi, m.a. á brennivíni, lyfjum, hárvötnum og bökunardropum.

Árið 1965 voru verslanirnar þrjár í Reykjavík og var það óbreytt til ársins 1986 þegar Kringlan opnaði. Þá voru verslanir orðnar 13 á landinu. Alltaf var talað um að fara í RÍKIÐ – enn þann dag í dag tala margir viðskiptavinir um Ríkið þótt nafnið Vínbúð hafi verið tekið upp fyrir meira en áratug.

Með tilkomu bjórsins árið 1989 breyttist áfengisneysla landsmanna mikið og einnig yfirbragð Vínbúðanna og smám saman urðu sjálfsafgreiðslubúðirnar fleiri og Vínbúðum fjölgaði á landsbyggðinni. Nú rekur ÁTVR 47 Vínbúðir um allt land, þar af 12 á höfuðborgarsvæðinu. Auk þess er allt vöruvalið aðgengilegt í vefverslun þar sem hægt er að panta og fá vöruna afhenta í hvaða Vínbúð sem er án aukakostnaðar. ÁTVR hefur markað sér stefnu um að vera fyrirtæki sem veitir framúrskarandi þjónustu og leggur mikla áherslu á fræðslu til starfsfólks og viðskiptavina. Í stuttu máli má segja að setningin „frá afgreiðslu til þjónustu“ sé lýsandi fyrir breytingu á starfsemi fyrirtækisins á þessum 90 árum.

VÍNRAÐGJAFAR VÍNBÚÐANNA AÐSTOÐA ÞIG

Vínráðgjafarnir veita þér faglega ráðgjöf við val á víni með mat og hjálpa þér að ákvarða magn af víni fyrir veislur.

Þeir eru með alþjóðlega gráðu frá vínskólanum í WSET í London og skrifa fróðleik um vín á vinbudin.is.

Leitaðu til vínráðgjafa í Vínbúðinni þinni
– þeir aðstoða þig með ánægju.



SALAN ÁRIÐ 2011

Nú er rétti tíminn til þess að fara yfir það hvernig sala á áfengum drykkjum skiptist árið 2011. Það er rétt að byrja á að taka það fram að milli ára var samdráttur um 2,7% í heildarlífrásölu. Mestur er samdrátturinn í ókrydduðu brennivíni og vodka en þar verður samdráttur upp á 8,3%. Þá er einnig áhugavert að áfram skuli vera samdráttur í sölu á lagerbjór, en þar varð samdrátturinn 3,8%. Stöðug söluaukning hefur verið á lagerbjór frá því er almenn sala á honum var leyfð árið 1989. Rétt er að skoða hvern og einn sölu flokk og þær hreyfingar sem þar hafa átt sér stað. Við byrjum á því að skoða léttvínin.

Fyrst skulum við fara yfir hreyfingar sem hafa átt sér stað á hvítvínunum og rósavínunum í flöskum. Þar eru sömu tvö vínin á topp 20 listanum. Það kemur ekki á óvart að þetta eru tvö sæt hvítvín, en þó hvort frá sínu landinu. Það söluhæsta er þýskt en í öðru sæti situr sem fastast sætt hvítvín frá Ástralíu. Þrátt fyrir að þessi vín haldi sætum sínum á milli ára er samdráttur í sölu beggja sem nemur 21% og 16%. Það er þó ljóst að þessi léttsetu hvítvín eiga upp á pallborðið hjá Íslendingum. Það má til dæmis benda á að á þessum lista yfir 20 söluhæstu tegundirnar á síðasta ári eru tveir hástökkvarar í þessum stíl léttra og eilítið sætra vína. Það eru Van Gogh Riesling og Moselland Riesling Kabinett. Bæði þessi vín eru með vel yfir 100% söluaukningu á milli ára.

Þetta eru þó ekki einu hástökkvararnir í flokki hvítra vína. Ef lítið er á topp tuttugu listann má sjá vín sem stekkur upp um 15 sæti frá fyrra ári. Þetta er Trivento Mixtus Chardonnay Chenin Blanc, hvítt vín frá Argentínu. Það er þó rétt að geta þess að hér er um að ræða vín sem er algerlega þurrt. Þetta vín er einnig með söluaukningu vel yfir 100%.

Að síðustu er gaman að skoða hvaða vín það eru sem helst heilla Íslendinga. Það má vera ljóst af þessum tölum á topp 20 að þar fer fram slagurinn milli sætra og þurra vína. Ef þetta er tekið saman þá kemur í ljós að bæði árið 2010 og 2011 er salan á sætum vínunum rétt um 49%. Rétt er að geta þess að tölurnar sem hér er fjallað um eiga við vín á 750 ml flöskum. Heildarsalan á hvítu vínin í flöskum breyttist ekki mikið milli ára.

Vindum okkur þá í að skoða breytingar í sölu á rauðvíni í flöskum. Þar hafa orðið meiri breytingar því aðeins eitt vín situr í

sama sæti á topp 20 listanum í ár, Frontera Cabernet Sauvignon. Topp vínið frá í fyrra er sigið niður í sjötta sætið og á toppinn er komið nýtt vín; Mamma Piccini sem sat í 7. sæti á listanum í fyrra. Það er eftirtektarvert hvað þetta vín hefur náð miklum vinsældum á stuttum tíma. Í mars 2010 komst vínið í kjarna vöruvals Vínbúðanna. Síðan þá hefur vínið unnið sig upp í að verða söluhæsta rauðvínið á flösku. En þar með er ekki öll sagan sögð því þetta vinsæla vín selst í 21% meira magni en vínið sem sat í efsta sæti í fyrra. Söluaukning vínsins er rétt yfir 100%.

Það er einnig ótrúlegt að sjá að vínið sem situr í 20. sæti á topp lista rauðra flöskuvína skuli hafa náð að stökkva upp á við um 72 sæti. Hér er á ferðinni vín sem uppfyllir kröfur markaðarins um ódyrt flöskuvín. Don Opas kemur frá spænskum framleiðanda í héraði sem er þekkt fyrir mikið magn ódyrra vína.

En það eru fleiri vín sem hafa náð inn á topp 20 listann í ár sem ekki náðu þar inn í fyrra, til dæmis Campo Viejo Crianza. Það situr nú þægilega í þriðja sæti og hefur snarast upp um 26 sæti frá því í fyrra. Þarna fara saman gæði og verð, en þetta Crianza vín frá Rioja á Spáni hefur verið ódyrara en önnur slík. Nú hafa mál hins vegar þróast þannig að þetta vín kostar nú það sama og

vín keppinautanna frá Rioja. Það verður því fróðlegt að sjá hvort sú staðreynd verði til þess að um hægist hjá Campo Viejo. Þess má geta að vínþjónar sæmdu vínið gyllta glasinu tvö ár í röð og það er spurning hvort það hefur haft áhrif á söluna, en söluaukningin á milli ára er hvorki meira né minna en 208%.

Í ellefta sætinu situr vín frá Argentínu sem átti heldur ekki sæti á þessum topp 20 lista í fyrra. Þetta er framleiðandi sem reglulega hefur skilað miklum gæðum á góðu verði. Hér er hann kominn með nýtt vín, sem auk þess að vera ódyrt skilar þeim gæðum sem viðskiptavinir vonast ætíð eftir í ódyrari vínunum. Þetta er eitt af Mixtus vínunum frá Trivento. Hér er á ferðinni ódyrt vín sem er blanda af Shiraz og Malbec þrúgunum. Salan jókst um 105% á milli ára og vínið stekkur upp um 28 sæti, úr 39. í 11.

Næstur í hástökkunni er síðan Faustino VII sem ættaður er frá Rioja á Spáni. Það er ekki ofsögum sagt að Íslendingar kunni að meta þessi vín. Það er nefnilega svo að á topp 20 listanum í ár er að finna fjögur Rioja vín í þessum verðflokki rétt undir 2.000 krónum. Vínin hafa í gegnum árin verið ákaflega vinsæl og greinilegt að Íslendingar hafa náð góðri tengingu við þessi gæðavin frá þessu virta héraði á Norður-Spáni. Faustino merkið hefur verið áberandi hér í gegnum

KASSAVÍN HVÍTVÍN / RÓSAVÍN	2011	2010	Hreyfing
Moselland Riesling Kabinett	1	1	0
Drostdy-Hof Steen Chenin Blanc	2	2	0
Trivento Mixtus Chardonnay Chenin	3	3	0
Two Oceans Fresh & Fruity	4	7	3
Concha y Toro Frontera Chardonnay	5	6	1
Guntrum Riesling	6	4	-2
Dr. Zenzen Liebfraumilch	7	11	4
Rosemount GTR	8	5	-3
Two Oceans Sauvignon Blanc	9	8	-1
Torres San Valentin	10	14	4
Concha y Toro Sunrise Chardonnay	11	12	1
Gallo Family Vineyards White Grenache	12	15	3
Vina Maipo Chardonnay	13	13	0
Lindemans Chardonnay	14	10	-4
Jean Claude Pepin Herault Blanc	15	9	-6
Gallo Family Chardonnay	16	17	1
Inycon Chardonnay/Pinot Grigio	17	16	-1
Drostdy-Hof Chardonnay Viognier	18	18	0
Van Gogh Riesling	19	42	23
Carlo Rossi California White	20	40	20

HVÍTVÍN / RÓSAVÍN FLÖSKUR	2011	2010	Hreyfing
Moselland Ars Vitis Riesling	1	1	0
Rosemount GTR	2	2	0
El Coto Rioja Hvítt	3	5	2
Van Gogh Riesling	4	13	9
Vina Maipo Sauvignon Blanc Chardonnay	5	3	-2
Guntrum Riesling	6	4	-2
Villa Lucia Pinot Grigio	7	8	1
Montes Chardonnay Reserve	8	7	-1
Trivento Mixtus Chardonnay Torrontes	9	6	-3
Frontera Chardonnay	10	14	4
Moselland Riesling Kabinett	11	24	13
J.P. Chenet Medium Sweet	12	12	0
Concha y Toro Sunrise Chardonnay	13	9	-4
Voga Pinot Grigio	14	21	7
Torres San Valentin	15	16	1
Villa Antinori	16	22	6
Trivento Tribu Chardonnay	17	11	-6
Trivento Mixtus Chardonnay Chenin	18	33	15
Thorn tree Chardonnay	19	10	-9
Carlo Rossi California Rose	20	15	-5

KASSAVÍN RAUÐVÍN	2011	2010	Hreyfing
Drostdy-Hof Cape Red	1	1	0
Concha y Toro Frontera Cabernet Sauvignon	2	3	1
Trivento Mixtus Shiraz Malbec	3	2	-1
Gato Negro Cabernet Sauvignon	4	5	1
Concha y Toro Carmenere Cabernet Sauvignon Reserva	5	8	3
Don Simon Seleccion Tempranillo	6	9	3
Piccanti Rosso Toscana	7	10	3
Santiago Cabernet Sauvignon	8	4	-4
J.P. Chenet Cabernet Syrah	9	8	-1
Sunrise Cabernet Sauvignon	10	6	-4
Drostdy-Hof Shiraz / Pinotage	11	25	14
Lindemans Shiraz Cabernet	12	11	-1
Solaz	13	14	1
La Habanera Tempranillo	14	16	2
Pasqua Sanzeno Cabernet & Merlot	15	13	-2
Masi Modello delle Venezie	16	22	6
Vina Maipo Cabernet Sauvignon	17	18	1
Cep Or Merlot	18	17	-1
Robertson Winery Cabernet Sauvignon	19	20	1
Crin Roja Tempranillo	20	15	-5

tíðina og það kemur því ekki á óvart að eitt af vínunum þeirra nái inn á topp 20 listann í ár. Hér má segja að klassísk vingerð og gott verð skapi þennan árangur.

Ef við skoðum síðan bæði rauð og hvít flöskuvín þá er eftirtektarvert að skiptingin milli gamla og nýja heimsins er rétt um helmingur. Skipting milli landa er forvitnileg þar sem í hvíta víninu er jöfn og góð dreifing milli margra landa. Það gildir allt annað um rauðu vínin þar sem tvö lönd eru afgerandi vinsælust: Chile og Spánn.

Þá er rétt að snúa sér að kassavínunum. Hvað hefur gerst þar á milli ára? Ef við byrjum á að skoða hvaða breytingar hafa átt sér stað í hvítum og rósa kössum þá er það strax ljóst að þar hafa engar drastískar breytingar átt sér stað. Þrjú efstu sætin standa óbreytt milli ára. Efst trónir nú örlítið sætt hvítvín frá Þýskalandi. Þetta er box frá Moselland fyrirtækinu sem einnig á vinsælasta hvíta flöskuvínið. Þetta eru vín sem unga fólkið vill helst drekka; fersk, létt og örlítið sæt vín sem allir geta drukkið. Þar á eftir kemur síðan Drostdy-Hof með Chenin Blanc þrúgunum, en þess ber að geta að þetta er eina Chenin Blanc vínið sem hefur náð afgerandi sölu. Þessi þruga hefur margoft verið hér í reynslusölu, en aldrei náð neinum sérstökum árangri.

Merkilegt er að sjá hve lítil hreyfing hefur verið á hvítu kassavíni milli ára. Í tveimur neðstu sætum topp 20 listans eru hástökkvararnir; léttur og sætur Rieslingur og svo létt og ávaxtaríkt kalifornískt vín. Báðar þessar tegundir eru nýlega komnar inn í sölu.

Ef við lítum svo á rauðu kassavínin þá er þar efst Drostdy-Hof Cape Red, frá Suður-Afríku. Þessi kassi hefur verið söluhæsta rauða kassavínið undanfarin ár. Það er líka ótrúlegt að þessi sami framleiðandi eigi hvíta kassavínið í öðru sæti á topp 20 í hvítum kössum. Það bendir til þess að vínin

RAUÐVÍN FLÖSKUR	2011	2010	Hreyfing
Mamma Piccini Rosso di Toscana	1	7	6
Frontera Cabernet Sauvignon	2	2	0
Campo Viejo Crianza	3	29	26
Gato Negro Cabernet Sauvignon	4	8	4
Trivento Mixtus Cabernet Merlot	5	4	-1
Vina Maipo Cabernet S. Merlot	6	1	-5
Crin Roja Tempranillo	7	3	-4
Concha y Toro Sunrise Cabernet Sauvignon	8	5	-3
Concha y Toro Sunrise Merlot	9	6	-3
Montes Cabernet Sauvignon Carmenere Limited Sel.	10	9	-1
Trivento Mixtus Shiraz Malbec	11	39	28
El Coto Crianza	12	14	2
Casillero del Diablo Cabernet Sauvignon	13	18	5
Lamadoro Primitivo Negroamaro	14	27	13
Senorio de los Llanos Reser.	15	25	10
Montecillo Crianza	16	15	-1
Faustino VII rautt	17	38	21
Trivento Cabernet Sauvignon Reserve	18	13	-5
Thorntree Shiraz	19	10	-9
Don Opas Valdepenas rautt	20	92	72

séu vel gerð og auðvitað rétt verðlögd, því þessir tveir þættir spila alltaf saman. Það skiptir engu máli hvað umbúðirnar eru lokkandi, það kaupir enginn þá tegund aftur sem er bara smart útlítandi ef innihaldið er ómerkilegt.

Það sama er uppi á teningnum með rauðu kassana eins og þá hvítu að það eru ekki miklar hreyfingar á topp listanum, vínin hreyfast almennt aðeins um nokkur sæti. Takið eftir að á topp 20 listanum yfir rauða kassa er einungis eitt vín sem hefur tekið mikið stökk. Hvaða vín skyldi það vera? Það er Drostdy-Hof vín, blanda af Shiraz og Pinotage þrúgunum. Þetta staðfestir enn frekar hversu góðum tókum þeir í Suður-Afríku hafa náð á því að framleiða frambærileg kassavín.

Þá er rétt að snúa sér að þeirri vörutegund sem hefur skilað stærstum hluta lítrasölu áfengis síðustu áratuginum. Það var auðvitað 1. mars 1989 sem sala bjórs var leyfð hér á landi og er ljóst að hann hefur náð gríðarlegum vinsældum síðan. Þetta er nú helsta söluvara Vínbúðanna.

En hvaða bjórar eru vinsælastir? Þessi samantekt er öll gerð með sölusamantekt á bjór í hálf lítra dósum (500 ml). Það er auðvitað ánægjulegt að sjá að allir efstu bjórnir á listanum eru íslensk framleiðsla. Fjórar söluhæstu tegundirnar eru ættaðar frá Viking brugg á Akureyri. Þrjár þær næstu í röðinni eru síðan framleiðsla frá Ölgerðinni Egill Skallagrímsson. 7 söluhæstu bjórnir eru því framleiddir hér á landi. Það er vel og þeir sem að þessari bruggun standa geta verið stoltir af því að Íslendingar velji þeirra vöru fram yfir aðra. Það er væntanlega ekki bara fyrir hollustu við það sem íslenskt er, heldur að þessir innlendu framleiðendur eru að framleiða hágæða vöru.

Þegar sölutölur eru skoðaðar nánar kemur þó í ljós að allir þeir bjórar sem eru í efstu sætunum halda sínu sæti milli ára, en eru

BJÓR 500 ML. DÓSIR	2011	2010	Hreyfing
Viking Gylltur	1	1	0
Viking Lager	2	2	0
Viking Lite	3	3	0
Thule	4	4	0
Tuborg Green	5	5	0
Tuborg Gold	6	7	1
Egils Gull	7	6	-1
Hollandia	8	10	2
Faxe Premium	9	11	2
Egils Lite	10	9	-1
Carlsberg	11	8	-3
Viking Sterkur	12	12	0
Saku Original	13	13	0
Egils Pilsner	14	18	4
Faxe Royal	15	15	0
Heineken	16	14	-2
Polar Beer	17	16	-1
Egils Premium	18	17	-1
Budweiser Budvar	19	20	1
Egils Sterkur	20	19	-1

þó að missa sölu. Það er mismunandi hvað hver og ein tegund missir í sölu en fallið er frá 5 og upp í 25%. Heildarsamdráttur í þessum flokki nemur 5% á milli ára. Þetta er því þriðja árið í röð þar sem samdráttur er í sölu á bjór. Árin 2009 og 2010 var samdráttur orðinn staðreynd og bjórin hefuf ekki náð sér á flug eftir hrún.

Það eru tveir þættir sem virðast algerlega stýra því hvaða bjórar seljast. Það er greinilegt að samspil verðs og áfengisstyrks ræður því hvaða bjórtegundir seljast mest. Bragðgæði og ferskleiki bjórsins spila auðvitað stóra rullu í þessu.

Að lokum er rétt að geta þess að ein bjórtegundanna á topp 20 listanum hefur tekið gríðarlegt stökk í sölu síðan á árinu 2010, en það er Egils Pilsner. Skýringin á þessari miklu aukningu er að stærstum hluta að verðlækkun var mikil á þessari tegund á síðasta ári sem varð til þess að salan jókst um tæp 180%.

Þessi yfirferð um tilfærslur í sölu Vínbúðanna er engan veginn tæmandi og margt fleira sem hægt er að sjá út úr sölutölum síðasta árs. Það er þó alveg ljóst að það er engin vara í dýrari kantinum að komast upp á topp tuttugu listana. Hér eru, og verða sjálfsgagt eitthvað áfram, ákveðin einkenni kreppu í sölutölum og líklega verður eitthvað áfram lítil eftirspurn eftir lúxusvörum.



Gissur Kristinsson
vínráðgjafi



REYKLAUST TÓBAK OG FORVARNIR

Tóbak er afurð unnin úr tóbakspöntunni *Nicotina tabacum*. Tóbakið inniheldur þúsundir efna auk nikótíns. Reyktóbak hefur verið algengasta neysluformið, en nú ber það til tíðinda á Íslandi að veruleg aukning er á notkun reyklauss tóbaks og hefur það náð yfirhöndinni meðal ungs fólks. Svo virðist sem flest ungt fólk sem byrjar að fíkta við tóbak í dag noti reyklaust tóbak og noti það fyrst og fremst í vör. Reyklaust tóbak inniheldur mun færri efni en reykstóbakið og kemur það til af þeim efnaskiptum sem verða við brunann í reykstóbakinu. Reyklaust tóbak inniheldur samt um 2500 efni og eru 28 þeirra krabbameinsvaldandi.

Margir unglingar telja að reyklaust tóbak sé hættuminna heldur en reykstóbak og hefja því frekar neyslu á reyklusu tóbaki. Reyklaust tóbak er unnið úr sömu plöntunni og reykstóbakið og inniheldur mörg eiturefni

og hefur margvísleg áhrif á heilsu manna. Reyklaust tóbak inniheldur einnig salt sem brennir göt á slímhúð, en þannig kemst nikótínið mun hraðar inn í blóðrásina. Sætuefni eru einnig í reyklusu tóbaki og hækkar það súrustig í munnum sem leiðir til aukinna tannskemmda. Reyklausa tóbakið getur því valdið tannholdsþöglu, tannholdsryrnun og tannmissi. Í tóbakinu eru einnig N-nítrósamín sem eru krabbameinsvaldandi, en það efni finnst eingöngu í tóbaki. Sýnt hefur verið fram á að reyklausa tóbakið getur leitt til ýmissa sjúkdóma eins og krabbameins í munni, krabbameins í vélinda, briskrabba, sykursýki, ýmissa efnaskiptasjúkdóma og hjarta- og æðasjúkdóma. Einnig hefur reyklausa tóbakið mikil áhrif á fóstur í móðurkviði og getur leitt til fyrirmálsfæðingar og fæðingarkrampa.

Nikótín er ávanabindandi efnið í tóbakinu. Það sest í nikótínviðtæki í heila, bæði í

útauga- og miðtaugakerfinu og leiðir til losunar ýmissa hormóna og boðefna, m.a. dópamíns. Nikótín veldur einnig samdrætti í æðum, hækkun á blóðþrýstingi og hraðari hjartslætti. Ef nikótíns nyti ekki við í tóbakinu myndi það ekki vera eftirsóknarvert. Nikótínið er ástæða þess að fólk notar tóbak enn í dag. Nikótín er mjög eitrað efni og var notað um tíma sem skordýraeitur. Nikótín getur því leitt til eitrunareinkenna.

Tóbaksvarnir hafa á síðustu áratugum snúist fyrst og fremst um reykingar. Mikið hefur áunnist í lagasetningum í tengslum við reykingar og forvarnir í skólum landsins. Síðustu tvö árin hafa tóbaksvarnir snúist að miklu leyti um reyklausa tóbakið, en það kemur til af því að reykingar eru á verulegu undanhaldi á Íslandi, en aukning er hins vegar á notkun reyklauss tóbaks. Árið 2007 komu til ný lög sem bönnuðu reykingar

á veitinga-, skemmti- og gististöðum landsins og ljóst er að frá þeim tíma hefur neysluform tóbaks breyst. Tóbaksnotkun hefur samt ekki minnkað, þó svo verulega hafi dregið úr reykingum landsmanna. Forvarnir í tengslum við reyklaust tóbak eru m.a. hækkun á útsöluverði tóbaks, sýnileikabann (tóbak ekki sjáanlegt í hillum verslana) og auglýsingabann. Forvarnir í skólum eru mjög mikilvægar og miða að því að „byrgja brunninn“, en forvarnirnar snúa að öllu umhverfi skólanna, lífsleikni og fræðslu svo nemendur geti tekið upplýsta ákvörðun um að hafna tóbakinu. Tóbaksvarnir eru í aðalnámskrá skólanna og ættu því að vera kenndar í öllum skólum landsins. Á síðustu árum hefur orðið breyting á fræðslu um tóbak í skólum landsins og snýr hún mun meira að reyklusu tóbaki í dag. Embætti landlæknis býður skólum landsins upp á stuðning sem snýr að stefnu skóla í tóbaksvörnum, forvarnaráætlun, skriflegum leiðbeiningum um hvernig taka eigi á tóbaksnotkun nemenda o.fl. Jafningjafraeðsla og góðar fyrirmyndir eru einnig nýttar í forvörnum. Knattspyrnusamband Íslands, Jafningjafraeðslan og Lýðheilsustöð hafa unnið að gríðar stóru verkefni í tengslum við góðar fyrirmyndir. Aðrar forvarnir snúa að meðferð vegna tóbaksnotkunar. Sýnt hefur verið fram á að það er aldrei of seint að hætta tóbaksnotkun, það eiga allir möguleika á heilsufarslegum ávinningum af því að hætta. Á Íslandi er boðið upp á meðferð í gegnum síma, Ráðgjöf í reykbíndindi (800-6030), leiðbeiningar og aðstoð í gegnum veraldarvefinn, www.reyklaus.is og svo er stöku námskeið í boði á vegum Krabbameinsfélags Reykjavíkur, Heilsuhótelsins o.fl.

Munntóbak er ólöglegt á Íslandi og ekki að ástæðulausu. Læknafélag Íslands gefur tóninn þessa dagana um að banna sölu á tóbaki á Íslandi í nokkrum skrefum. Kostnaðarhagkvæmni íslenska ríkisins er mikil þegar kemur að því að draga úr tóbaksnotkun og myndi kostnaður við heilbrigðiskerfið minnka til muna ef Íslendingar hættu tóbaksnotkun. Því þarf að upplýsa almenning um skaðsemi reyklauss tóbaks, notkun þess er ekki leið til að hætta reykingum og notkun þess dregur ekki úr áhættu ýmissa sjúkdóma og heilsufarslegra kvilla.

(Heimildir koma frá landlækni Bandaríkjanna, WHO og þýsku krabbameinsrannsóknarstöðinni í Heidelberg)

Jóhanna S. Kristjánsdóttir
Verkefnisstjóri
Ráðgjafar í reykbíndindi

ER MUNNTÓBAK SKAÐLAUST?

Oft heyrir maður munntóbaksneyslu borna saman við reykingar og þá sagt að munntóbak sé skaðminna en reykingar. Þessi samanburður er villandi því fátt er jafn skaðlegt heilsunni og sigarettureykingar. Eðlilegra er að bera hættuna af munntóbaksneyslunni saman við það að nota alls ekki tóbak.

Munntóbaksneysla og notkun á neftóbaki sem munntóbak hefur höfðað sérstaklega til ungra karlmanna og hefur aukist undanfarin ár. Capacent Gallup kannaði notkun munntóbaks meðal ungs fólks á aldrinum 16–23 ára fyrir Embætti landlæknis í þremur könnunum. Sú fyrsta var gerð í október–nóvember 2009 en sú síðasta í júní 2011. Niðurstöðurnar sýna að neyslan er umtalsverð og samkvæmt síðustu könnun segjast um 20% pílta í þessum aldurshópi nota munntóbak daglega. Langflestir, eða 86%, segjast eingöngu taka íslenska neftóbakið í vörina. Þessar niðurstöður eru í samræmi við aukna framleiðslu Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á neftóbaki, sem hefur aukist úr 16,8 tonnum árið 2007 í 28,5 tonn á síðasta ári (2011). Þar við bætist sala á nýrri tegund af neftóbaki sem nefnist Lundi en hún var um 1,7 tonn og heildarsala á neftóbaki því yfir 30 tonn á síðasta ári.

Á Íslandi er með lögum bannað að flytja inn, framleiða og selja allt munntóbak. Lögin tóku gildi 1. febrúar 1997 og voru sett til að bregðast við tilskipun frá Evrópusambandinu. Í athugasemdunum með frumvarpinu var bent á að þetta tóbak væri ávanabindandi ekki síður en tóbak sem er reykt. Einnig var bent á að með þessum nýju gerðum tóbaks væri einkum verið að höfða til ungs fólks sums staðar, t.d. í Svíþjóð, með þeim afleiðingum að umtalsverður hluti unglunga væri farinn að nota reyklaust tóbak að staðaldr.

REYNSLAN Í ÖÐRUM LÖNDUM

Í nýlegri samantekt miðstöðvar krabbameinsrannsókna í Heidelberg í Þýskalandi á skaðsemi sænska munntóbaksins kemur fram að þessi tóbaksneysla sé skaðleg heilsu og valdi fíkn.

Bent er á að neysla þess höfði einkum til ungs fólks og auki heildarneyslu tóbaks.

Ennfremur segir þar að ekki hafi verið sýnt fram á að munntóbaksneysla sé gagnleg leið til að hætta reykingum.

Reynslan frá Svíþjóð sýnir að munntóbak er notað til að hætta að reykja í stað þess að fá aðstoð við að hætta að reykja. Um það bil einn af hverjum fjórum fyrirverandi reykingamönnum skipta yfir í munntóbak en flestir reykingamenn ná árangri í að hætta reykingum án þess að nota munntóbak. Þeir sem hætta að reykja með því að skipta yfir í munntóbak eru því háðir tóbaki eftir sem áður. Munntóbaksneysla meðal kvenna er lítil í Svíþjóð og flestar konur sem hætta að reykja gera það án þess að nota munntóbak í staðinn. Í Svíþjóð er tóbaksneysla meðal karla mikil. Þótt hlutfall reykinga þar sé lágt og munntóbaksneysla mikil er lág tíðni reykinga fyrst og fremst vegna þess að þeim fækkar sem byrja að reykja. Þá er bent á það í þýsku samantektinni að í mörgum Evrópulöndum sé tíðni reykinga á hraðri niðurleið án þess að þar sé leyfður innflutningur á sænska munntóbakinu.

Fyrir rúmu ári síðan voru birtar niðurstöður úr rannsókn sem Rannsóknir og greining vann fyrir Íþróttabandalag Reykjavíkur (ÍBR). Þar kemur fram að munntóbaksneysla er svipuð hjá þeim sem stunda íþróttir og þeim sem ekki stunda íþróttir. Það kemur hins vegar vel í ljós að þeir sem stunda íþróttir reykja mun minna en þeir sem ekki stunda íþróttir.

Komið hefur fram í sænskum rannsóknum að munntóbaksneytendum er hættara við meiðslum en þeim sem ekki nota munntóbak. Meiðsl í vöðvum, liðum, hnjám, liðböndum og sinum og bakeymsli ýmiss konar voru algengari meðal munntóbaksneytenda en þeirra sem ekki notuðu munntóbak eða reykttóbak.

Þessi staðreynd ætti að vera öllum sem vilja ná árangri í íþróttum næg ástæða til að láta alla tóbaksneyslu eiga sig.

Viðar Jenson
Verkefnisstjóri tóbaksvarna
hjá Embætti landlæknis

PORTÚGAL

Þegar talað er um Portúgal sem vínframleiðsluland koma þúrtvínin fljótt upp í hugann. Löng hefð er þó fyrir framleiðslu á góðum léttvínunum og hafa rauðvínin verið einna þekktust. Margir sem komnir eru á miðjan aldur kannast þó sjálfsgagt við portúgólsk rósavín en þau voru gjarnan drukkin þegar farið var út að borða. Annað sem er áhugavert er framleiðsla hvítvína (Vinho Verde) en það eru ung og fersk vín sem geta gefið léttu freyðingu.

Við inngöngu í Evrópusambandið sóttu Portúgalir styrki til að tæknivæða betur hjá sér víngerðina auk þess sem fjárfestar hafa komið inn og keypt víngerðir. Þetta hefur leitt til betri og athyglisverðari vína þar sem meðal annars hafa verið notaðar þrúgur sem einkum voru nýttar til þúrtvínsgerðar.

Það er ánægjuleg þróun að úrval portúgólskra léttvína hefur verið að aukast og er svo komið að nú eru ríflega 20 tegundir léttvína í sölu í Vínbúðunum auk úrvals þúrtvína.

Þekktustu vínræktarsvæðin eru Douro, Dao, Bairrada og Alentejo.

Fjölbreytni í landslagi er mikil á milli svæða og eru gjarnan notaðar innlendar þrúgur sem njóta sífellt meiri athygli. Matarhefðir í Portúgal eru fjölbreyttar og virðast koma víða að, enda ferðuðust Portúgalir víða sem siglingaþjóð og nýlenduherrar.



Töluvert er um saltfisk og grænmetisrétti. Mikil fjölbreytni er í kryddum og ættu margir að kannast við Piri Piri réttina sem er gjarnan sterkkryddaður kjúklingur.

Við erum svo heppin að hafa nokkra Portúgali í vinnu hjá Vínbúðunum og var leitað í smiðju þeirra varðandi frásagnir af mat og uppskriftir.

Þegar Portúgalir koma saman og skemmta sér er algengt að gæða sér á kryddpylsum sem gjarnan eru þurrkaðar og settar í eldfast leirfat, hreinu alkóhóli hellt yfir og kveikt í (flamberað).

Mér tókst að kría út tvær uppskriftir frá mæðgunum Veru og Piedade.

Sú fyrri er saltfiskréttur og sú síðari grænmetissúpa.



VERULEGA GÓÐUR SALTFISKRETTUR

4 bitar útvatnaður saltfiskur

1,5 dl af ólífuolíu

2 laukar smátt saxaðir

4 hvítlauksrif rifin

0,5 l rjómi

2,5 dl ósætur uppstúfur (bechamel sósa)

1 búnt koriander

2 chili söxuð

Salt og pipar

Aðferð

Sjóðið saltfiskinn og fjarlægið roð og bein og rífið niður á disk. Saxið lauk og hvítlauk, setjið ólífuolíu á pönnu og mýkið laukinn. Bætið saltfisknum út í þegar laukurinn er orðinn mjúkur og steikið áfram varlega. Bætið þá við söxuðu chili og saltið og piprið eftir smekk.

Bætið við rjómanum og uppstúfnum, hellið öllu í ofnfast fat og stráið söxuðum koriander yfir. Setjið fatið inn í 250° heitan ofn og bakið í nokkrar mínútur.

GRÆNMETISSÚPA MEÐ STRENGJABAUNUM

2 gulrætur

4 kartöflur

1 þúrrulaukur

1 laukur

2-3 hvítlauksrif

250 g strengjabaunir

2,5 dl kjúklingakraftur

2-3 msk ólífuolía

Aðferð

Skrælið kartöflurnar og gulræturnar og skerið þær ásamt hálfum lauknum, þúrrulauknum og hvítlauk í litla bita. Setjið þetta allt í pott, bætið ólífuolíunni og kjúklingakraftinum við og sjóðið í smá tíma. Bætið síðan við 3/4 lítra af vatni og sjóðið þar til allt er orðið mjúkt og maukið með töfrasprota eða í mixer. Að lokum er baununum og rest af lauknum (söxuðum) bætt í og soðið með. Kryddið til eftir smekk með salti og pipar. Skemmtilegt er að rífa smá gulrætur út í til skreytinga.

Július Steinarsson
vínráðgjafi



ÁRGANGATAFLA

2009 2008 2007 2006 2005 2004 2003 2002 2001 2000 1999 1998 1997 1996



Frakkland

Bordeaux-Medoc	5	4	3-4	3-4	5	3-4	5	4	2-3	5	4	3-4	2-4	3-5
St-Emilion/Pomerol	4-5	4	4	4	4-5	4	4	2-3	3	4	4	3-5	2-3	3-4
Sauternes	5	3-4	4-5	4-5	4	3-4	4	3-4	4-5	4	5	3-4	3-4	5
Bourgogne-Cote d'Or	4-5	4	4-5	3-4	4-5	3-4	4-5	4	3	3-4	4-5	3-4	4	4-5
Cote de Beaune hvítt	3-4	4	4-5	4-5	4-5	2-3	4-5	4	4	4-5	3-4	4	4-5	5
